

## AUGLÝSING um skipulagsmál í Hafnarfjarðarkaupstað.

*Breyting á deiliskipulagi Lónshverfis í Hafnarfirði, Skipalón 1 – 19.*

Í samræmi við skipulagslög samþykkti skipulags- og byggingarráð Hafnarfjarðarkaupstaðar á fundi sínum þann 26. júní 2012 breytingu á deiliskipulagi Lónshverfis, Skipalón 1 – 19.

Breytingin felst í að númerum húsa verður breytt. Bílastæðum verður fækkað í bílastæðakjallara en fjölgað á yfirborði á lóðum sem eftir breytingu verða nr. 1, 5 og 7 við Skipalón. Fjöldi bílastæða fyrir hverja íbúð helst óbreyttur.

Málsmeðferð var skv. 41. gr. skipulagslaga nr. 123/2010.

Gögn afhent Skipulagsstofnun til varðveislu.

Breytingin öðlast þegar gildi.

*F.h. skipulags- og byggingarsviðs Hafnarfjarðarkaupstaðar, 9. júlí 2012,*

**Bjarki Jóhannesson,**  
sviðsstjóri/skipulags- og byggingarfulltrúi.

---

B-deild – Útgáfud.: 24. júlí 2012